

Mættir: Björn Sigurðsson formaður, Bjarney Guðbjörnsdóttir, Ingibjörg Helga Arnardóttir framkvæmdastjóri, Elsa María Guðmundsdóttir, Leifur Guðni Grétarsson, Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða, Emil Örn Harðarson móta- og miðlunarstjóri, Hilmar Örn Jónasson, Hörður Oddfríðarson ritari og Viktoría Gísladóttir gjaldkeri.

Afboða, mæta ekki : Hrafnhildur Lúthersdóttir, Oddur Örnólfsson og Júlía Þorvaldsdóttir

Fundur 30.03.2021 settur kl. 18.00. Fundurinn var fjarfundur

1. Fundargerð síðasta fundar

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar og hún samþykkt

2. Mót og starfsemi

- a. Þann 25. mars var gefin út ný reglugerð frá heilbrigðisráðuneyti vegna Covid-19 þar sem einungis 10 manns mega koma saman og sundlaugum og líkamræktarstöðvum yrði lokað. Reglugerðin gildir í þrjár vikur. Tekið var skýrt fram í reglugerðinni að það væri bann við íþróttum þar sem ekki væri hægt að tryggja 2 metra reglu og sameiginlega snertifleti og við vildum nýta okkur það.
- b. Starfsfólk SSÍ brást skjótt við og gríðarleg vinna var sett í að fá undanþágu fyrir þá sem ætla sér að keppa á ÍM. Þessi undanþága fékkst með því skilyrði að fjöldatakmörkunum yrði fylgt og sveitafélögin samþykktu að halda mannvirkjunum opnum fyrir æfingar.
- c. Haldinn var fundur með þjálfurum félaganna föstudaginn 26. mars þar sem farið var yfir hugmyndir varðandi ÍM. Fundurinn var sammála því að færa ÍM aftur og halda mótið helgina 23. – 25. apríl. Sótt var um sérstaka undanþágu vegna mótsins og stuðst við það módel sem tókst svo vel á RIG í febrúar. Beðið er eftir svörum við undanþágubeiðninni og fylgst vel með gangi mála.
- d. Fjölismót var haldið 5-7. mars. Mótið var B mót og var 25m mót að þessu sinni. Ásvallamótið var haldið 20-21. mars og var að vanda 50m mót. Bæði mót tókust með miklum ágætum og náðu margir sundmenn sínum bestu tímum og nokkrir náðu NÆM lágmarkum á Ásvallamóti.
- e. Farið var yfir drög að ársuppgjöri SSÍ fyrir árið 2020. Rekstur hefur verið í góðu jafnvægi og afkoman réttu megin við núllið. Búast má við miklum kostnaðarauka á næstu misserum vegna móta og atburða og er þá gott að eiga smá varasjóð.
- f. Ísland átti að halda Norðurlandamót garpa árið 2022 en frændur okkar í Færeyjum áttu að halda mótið í haust. Í tilefni 70 ára afmælis SSÍ var haft samband við Rók í Færeyjum og þeirri hugmynd kastað fram hvort að við skiptum á mótahaldinu þar sem við værum með þessi tímamót hjá okkur. Færeyingarnir samþykktu þessa beiðni okkar og allt útlit er fyrir að við höldum mótið 8. – 10 október n.k.

3. Afreksmál

- a. Eyleifur Jóhannesson yfirmaður landsliða fór yfir hvaða áhrif á breyttum sóttvarnareglum hafa áhrif og mót og verkefni landsliða. Búið er að setja upp nokkrar sviðsmyndir sem stuðst verður við eftir því hvernig staða verður uppi.
- b. Eyleifur fór einnig yfir hugmyndir að breytingum á mótum almennt sem kynntar verða betur í aðdraganda sundþings en mikilvægt er að náist góð umræða og breið samstaða um hugmyndirnar.
- c. EM 50 hópur hefur verið valinn af landsliðsnefnd og slakað hefur verið örlítið á lágmarkskröfum vegna stopulls æfinga- og keppnisprógrams undanfarið ár. Auk þeirra tveggja sundmanna sem náð hafa lágörkum hafa 4 einstaklingar hafa verið valdir til að taka þátt, svo lengi sem þau staðfesti árangur sinn á ÍM50. Aðrir hafa ennþá tækifæri til að ná útgefnum lágörkum á mótið á ÍM50. Þetta fyrirkomulag hefur verið kynnt á miðlum SSÍ.

4. Fundargerðir nefnda

- a. Fundargerð Dómaranefndar nr: 102 frá 23.03. 2021
- b. Formaður dómaranefndar kom með tillögu að uppfærslu á leiðbeiningum vegna B og C móta. Einnig voru ræddar kröfur og skráningu tíma á B og C mótum. Dómaranefnd mun koma með tillögu að þessu í samvinnu við skrifstofu SSÍ.

Fundargerðin var samþykkt

5. Félagaskipti

Nafn:	Fyrra félag:	Nýtt félag:	dags. mótt.	Tekur gildi
Ásta Kristín Jónsdóttir	Árman	KR	10.03 2021	09.04.2021

6. Aðsend bréf

Dags	Efni	Sendandi
a. 12.03.2021	Ábending ÍSÍ og UMFÍ varðandi rafíþróttir/rafleiki	ÍSÍ
b. 12.03.2021	Greiðslur til íþróttafélaga	ÍSÍ
c. 12.03.2021	Sundurliðun á framlagi til íþróttafélaga	ÍSÍ
d. 16.03.2021	Len medical committee- report	MJ
e. 24.03.2021	Reglugerð frá HRN	ÍSÍ

7. Önnur mál:

- a. Formaður og framkvæmdastjóri áttu fund með Líney og Andra hjá ÍSÍ varðandi hvaða skilyrði þyrfti að uppfylla þegar að kemur að skilgreiningu á þjóðarleikvangi. Skipst var á skoðunum og SSÍ er nú komið með formlegt plagg í hendurnar með þeim skrefum sem taka þarf.
- b. Formaður gerði stutta grein fyrir heimsóknum á aðalfundi nokkurra félaga. SSÍ hefur verið boðið, og þekkt boð um að sitja aðalfundi hjá Fjölni, ÍA og SH.

Formaður sat fundi hjá Fjölni og SH og Formaður ásamt Leif Guðna fór í heimsókn upp á Akranes og sátu aðalfund ÍA. Það er mjög fróðlegt að sjá það góða starf sem verið er að vinna inn í félögunum og kynnast þeim nánar.

- c. Bókaður hefur verið fundur með Borgarstjóra til að ræða fyrirhugaðar byggingarframkvæmdir borgarinnar á sundlaugum. Beðið er eftir staðfestingu á fundinum.
- d. Þann 12. mars var haldinn fundur í afmælisnefnd ásamt starfsmönnum ÍSÍ. Farið var af stað með nokkrar hugmyndir og margt komið í vinnslu.

Fundi slitið kl. 19:30